

132. löggjafarþing 2005–2006.
Þskj. 782 – 535. mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn um áfengisráðgjafa.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Munnlegt svar

Háttvirtur 9. þingmaður Suðvesturkjördæmis spyr um áfengisráðgjafa, þ.e. fjölda starfandi áfengisráðgjafa á Íslandi, hvaða faglegar kröfur ráðuneytið geri til þeirra og hvort ég hyggist vinna að útgáfu starfsréttindavottorða fyrir áfengisráðgjafa.

Virðulegi forseti.

Starfsheitið áfengisráðgjafi er ekki löggilt sem þýðir þannig að engar formlegar kröfur eru gerðar til þeirra af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Af þessu leiðir að ekki er unnt að segja með vissu hve margir starfa undir þessu heiti við áfengisráðgjöf á eigin vegum eða á stofnunum.

Þess skal getið að til er Félag áfengisráðgjafa sem stofnað var árið 1994. Samkvæmt upplýsingum formanns þess eru félagar 43 talsins og starfa hjá fimm mismunandi stofnunum.

Haustið 2003 gerði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið könnun um fjölda og samsetningu stöðugilda þeirra sem starfa í þjónustu við áfengis- og vímuefnaneytendur. Samkvæmt könnuninni voru 46,1 stöðugildi áfengisráðgjafa hjá SÁÁ og Landspítala-háskólasjúkrahúsi árið 2002. Svör bárust frá 4 meðferðarheimilum og hjá þeim voru samtals 19,5 stöðugildi áfengisráðgjafa. Þá voru 3,1 stöðugildi áfengisráðgjafa á þeim fimm áfangahæmilum sem svöruðu könnuninni. Samkvæmt þessari könnun voru því stöðugildi áfengisráðgjafa tæplega 70 hjá þeim sem svöruðu könnuninni.

Margir þeirra sem starfa við áfengis- og vímuefnaráðgjöf hafa hlotið menntun og þjálfun hjá SÁÁ, vímuefnasviði Landspítalans eða erlendis. Sem fyrr segir er hins vegar engin formleg krafa af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um menntun þeirra og það er því undir einstökum stofnunum komið hvaða kröfur þær gera til starfsfólks síns sem starfar undir þessu heiti.

Virðulegi forseti.

Háttvirtur þingmaður spyr *hvort ég hyggist vinna að útgáfu starfsréttindavottorða fyrir áfengisráðgjafa.*

Dregið hefur verði úr laga- og reglugerðarsetningu í þessu skyni undanfarin ár. Ástæðan er sú að með löggildingu starfsheitis er í raun verið að veita ákveðnum hópi einkarétt á starfssviði og starfsheiti og takmarka rétt annarra til að starfa innan þess sviðs sem hefur verið löggilt. Þetta getur valdið árekstrum milli stétta sem hafa lík starfssvið eða þar sem starfssvið skarast. Eins og ég hef áður sagt lít ég svo á að ákvarðanir um löggildingu nýrra heilbrigðisstétta skuli fyrst og fremst byggjast á því að slík gjörð sé nauðsynlegt vegna öryggis sjúklinga. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, að ég tel að störf áfengisráðgjafa séu mjög mikilvæg og ég hvet stjórnendur þeirra stofnana sem veita þessa meðferð að leggja á það áherslu að ráða til starfa hjá sér áfengisráðgjafa sem hafa til að bera þá þekkingu og reynslu sem nauðsynleg er til þess að ná árangri í þessu vandasama starfi.

Þá hef ég ákveðið að fela Landlæknisembættinu að kanna hvort grundvöllur sé til veita þessum hópi starfsréttindi eða að tryggja með einhverjum öðrum hætti að menntun og færni ráðgjafanna sé virt í þessum mikilvæga geira heilbrigðisþjónustunum.

(Talað orð gildir)